



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 03. tbl.

Mars 2012

Hjónaball 17. mars 2012

Kæru sveitungar!

**Laugardagskvöldið 17. mars höldum
við árlegt hjónaball UMF. Skeiðamanna
í Félagsheimilinu Brautarholti.**

Húsið opnar kl. 20:00 og borðhald hefst kl. 20:30

**Hægt er að panta miða í síma
893-3198 (Bjarni Ófeigur) og 898 -9172 (Ágúst)
Bjarni Birgisson sér um matinn
og**

hljómsveitin Stuðlabandið leikur fyrir dansi.

Athugið að ekki er tekið við greiðslukortum.

Hjónaballsnefndin



Komiði sæl.

Hér koma smá fréttir af okkur á yngri deildinni, Smáholti, í leikskólanum Leikholti. Við erum sjö börn á aldrinum 15-22 mánaða. Við gerum margt skemmtilegt í leikskólanum og enginn dagur er eins. Við förum í skipulagt hópastarf næstum því á hverjum degi en þá er okkur skipt í Rauða og Gula hóp og þar er ýmislegt gert. Við förum í tónlist þar sem við syngjum lög, notum hljóðfæri, hlustum á klassíska tónlist og dönsum með slæður.

Við syngjum mikið yfir daginn hvort sem við erum úti eða inni, já, bara hvar sem er.

Við förum í leikfimi í salnum þar sem við leikum með bolta, hoppum, skríðum og hlaupum um.

Við förum í myndlist þar sem við fáum að kynnast og prufa ýmsan efnivið.

Það er mest spennandi að mála með þekjulitum, sérstaklega að mála á sér hendurnar og andlitin ☺ jú, jú við málum líka á blað.

Við hlustum á sögur bæði sem lesnar eru í bók en einnig sögur sem límdar eru upp á vegg. Það er mjög skemmtilegt.

Við förum í könnunarleik sem er leikur með verðlausan og óhefðbundinn efnivið. Mjög skemmtilegt að skoða, rannsaka og komast að ýmsu og þannig þroskum við skilningarvit okkar. Við leikum okkur með hrísgrjón, sandleir og myndavarpann. Það eru tækifæri til náms og þroska á hverju horni hér í leikskólanum okkar og við nýtum okkur það með aðstoð kennaranna okkar.

Okkur finnst mikið gaman að vera úti og erum orðin mjög dugleg að fara út um allt, upp og niður brekkurnar, renna okkur, moka, hjóla, róla og margt fleira. Við sjáum oft hann krumma fljúga um loftin blá og krunka. Stundum sjáum við hunda og kisu. Við sjáum líka stóra bílinn sem kemur með mjólkina til okkar. Það er ekkert smá gaman þegar það eru pollar úti! Þá hoppum við í þeim, sullum og skvettum. Rauði hópurinn er búinn að fara einu sinni í gönguferð út fyrir leikvöllinn.

Við gengum í hringinn kring um sundlaugina og kring um leikvöllinn. Það var snjór og þungt færi fyrir litla fætur en okkur tókst þetta ☺ við tókum áskorunum og sigrum þær.



Við erum að stækka og þroskast og því erum við dugleg að borða matinn sem Stína kokkur eldar fyrir okkur. Við erum dugleg að hjálpa okkur sjálf að borða og drekkum öll úr venjulegum glösum. Eftir matinn hvílum við okkur, sum inni á dýnu önnur úti í vagni. Já það er líf og fjör hjá okkur alla daga og margt sem við erum að læra og uppgötva en í gegnum leik lærum við m.a. félagsfærni, samvinnu, sýna vinsemd og tillitsemi. Sigríður Björk, Milla og Alla taka á móti okkur á morgnanna og hjálpa, styðja og leiðbeina okkur, ásamt því að sýna okkur mikla umhyggju yfir daginn. Við höfum gleði, vinsemd og virðingu að leiðarljósi alla daga.

Bestu kveðjur frá okkur í Smáholti.

Sumarstörf við Neslaug og Skeiðalaug!



Starfsfólk vantar til starfa í sumar
við sundlaugar sveitafélagsins.
Um er að ræða hlutastörf um helgar
en einnig aðra daga.

Upplýsingar um veitir Eyþór í síma **897-1112**



Næsta fréttabréf kemur út 17. apríl. 2012.
Skilafrestur efnis 12. apríl. 2012.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir
frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti
Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091 Sími í Áhaldahúsi
486 6118 og 893-4426 Ari Einarsson

Árshátíð Þjórsárskóla

föstudag 16. mars kl.20:00 Allir velkomnir!

Aðgangseyrir kr. 1000,- (Enginn posi)

Nemendur, foreldrafélag, kennarar og starfsfólk.

Spjallað yfir kaffibolla og súkkulaðiköku í Árnesi!

Ferðaþjónustuaðilar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

og allir áhugamenn um ferðamál og skemmtilega samvinnu. Boðið er til spjallfundar í Árnesi mánudaginn

16. apríl kl. 14:30.

Umræðuefnið er ferðaþjónusta í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Landnámsdagur, Þjórsárdalur (þar er ýmislegt á döfinni), sumarið framundan, hvernig getum við unnið saman og auðvitað allar góðar hugmyndir sem fundarmönnum detta í hug.

Allir velkomnir.

Ferðamálafulltrúi og Landnámsdagsnefnd

Fjölþjóðakvöldvaka í Árnesi!

síðasta vetrardag, 18. apríl kl. 20:30

Íslendingum og öllum öðrum þjóðarbrotum á Suðurlandi er boðið að koma (frítt inn) á góða skemmtun!

Söngur glens og gaman, á mörgum tungumálum!

Gaman væri ef einhverjir kæmu með eitthvað smávegis frá sínu heimalandi t.d. mat að smakka og muni, myndir eða annað tengt þjóðbúningum eða einkennum lands síns.

(Hægt að hafa muni til sýnis í læstum glerskápum.)

Þeir sem eiga þjóðbúninga mættu gjarnan koma í þeim. Við munum gefa fólki færi á að dansa, þannig að þetta verður skemmtilegt!

Kveðjum vetur og fögnum sumri, saman.

Betur auglýst síðar!

Skemmtinefnd Kvenfélags Gnúpverja.

Ég er að baka! Baka brauð!

Alla fimmtudaga er nýbakað brauð til sölu hjá Matstofunni frá klukkan 11:00 til 16:00.

Heitt á könnunni.

Kveðja.

Gauti og Matstofan!



Aðalfundur

Ungmennafélags Gnúpverja verður haldinn í fundarherberginu í Árnesi,

20. mars. kl.20:30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.



Næring og uppeldi

Miðvikudagskvöldið **18. apríl n.k. kl. 20:30** munu lýðheilsufræðingarnir, Anna M. Einarsdóttir og Halla Heimisdóttir, koma og halda fyrirlestur í sal **Þjósárskóla**.

Umfjöllunarefni þeirra er mataræði, næring, uppeldi og fleira tengt heilbrigðu lífini. Hægt er að fara inn á síðuna www.ummig.is til að gera sér betur grein fyrir áherslum þeirra.

Þessi fyrirlestur er þátttakendum að kostnaðarlausu svo að það er um að gera að nýta sér þetta einstaka tækifæri og tilkynna mætingu fyrir 13. apríl til Hildar Lilju í síma 486 6550 / 8694086 eða með því að senda tölvupóst á hiljan@gmail.com.

Foreldrafélagið Leiksteinn



KRISTJANA SKÚLADÓTTIR

ásamt hljómsveit

Söngvar og frásagnir úr
seinni heimsstyrjöldinni

Félagsheimili
Hrunamanna, Flúðum
17. mars kl. 20.30

Vignir Þór Stefánsson: *píanó*
Gunnar Hrafnsson: *bassi*
Matthías Hemstock: *trommur*

Miðaverð: 2500 kr

Aðalfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

Verður haldinn sunnudaginn 25. mars kl. 14:00

í bókasafninu Brautarholti

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Nýjar konur velkomnar.

Stjórnin



ÞAKKIR OG ÓSK UM SAMSTARF

“Á málþinginu „Upplit, góðan dag, hvernig getum við aðstoðað?“, sem Upplit stóð fyrir í tengslum við aðalfund sinn á Lindinni á Laugarvatni 4. febrúar sl., var rætt um menningarsamstarf þvert á hreppagirðingar og framtíðarstarfsemi Upplits. Menningarklasinn hefur nú verið starfandi í liðlega tvö ár og þarf bráðlega að gera upp við sig hvert skuli stefna, nú þegar hillir undir lok þriggja ára verkefnis sem hefur notið styrks frá Vaxtarsamningi Suðurlands. Rætt var um hvernig Upplit gæti betur tengst ferðahjónustunni, skólunum og sveitarstjórnunum á svæðinu. Við viljum þakka sveitarstjórnunum fyrir þann velvilja sem þær hafa sýnt Uppliti með því að leyfa klasanum að njóta starfskrafta og ráðgjafar Ásborgar Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa, sem hefur starfað með stjórninni allt frá upphafi og gegnt mikilvægu ljósmóðurhlutverki. Þó að hún hafi gengið úr stjórn á aðalfundi fyrir rúmu ári hefur hún áfram starfað með stjórninni að góðum málum og er eins og þið þekkið öll einstaklega úrræðagóð og hvetjandi. Það hefur verið ómetanlegur styrkur fyrir allt starf Upplits og vonum við svo sannarlega að við fáum áfram að njóta krafta hennar.” Undir þetta ritar stjórn Upplits en öll greinin er birt á heimasíðunni www.skeidgnup.is hér er aðeins birtur hluti hennar. khg.

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja verður haldinn þriðjudagskvöldið 27.mars kl. 20.30 í Þjórsárskóla.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kjósa á um tvö sæti í stjórn, ritara og gjaldkera.

Einnig eru þrjár konur kosnar í varastjórn árlega.

Núverandi gjaldkeri Halla Guðmundsdóttir gefur kost á sér næstu tvö ár. Við hvetjum ykkur til að mæta og hafa áhrif á starfið á árinu :)

Stjórnin.



Frá útivistarnefnd Kvenfélags Gnúpverja.

Nú ætlum við að halda áfram að hittast og ganga saman einu sinni í viku. Við ætlum að hittast við Árnes á mánudögum kl. 17.00 og ganga í c.a eina klukkustund, það eru allir velkomnir. Ganga er ódýrasta líkamsræktin.

Bestu kveðjur. Dúdda og Hrafnhildur



Komdu til okkar, við erum opin alla daga frá 14:00 til 21:00.

Um páskana verður opið alla daga.

Kíktu á heimasíðuna okkar, www.fontana.is og skráðu þig á póstlistann!

Þeir sem eru í netklúbbnum missa ekki af neinum tilboðum eða uppákomum.


Okkar einstaka vortilboð er í boði til 15. mars.

Einstaklingskort á 5.000 - ótakmarkaður aðgangur út júní

Fjölskyldukort á 11.000 - ótakmarkaður aðgangur út júní

Nánari upplýsingar í síma [486 1400](tel:4861400) og á www.fontana.is

MENN OG MÁLEFNI!



Elísabet Thorsteinsson frá Steinsholti og Axel Páll Einarsson eignuðust sitt fyrsta barn, stúlku, fædda 13. janúar .s.l. Hún var 3365 gr 51,5 cm. Fjölskyldan býr í Syðri — Gróf í Flóa.

Elín Moqvist og Aðalsteinn Aðalsteinsson, Brautarholti 11 eignuðust dreng þann 15. janúar, hann vó 3860 gr. og var 51 cm. Litli herramaðurinn á eldri bróður, Guðmund Johan sem verður 3ja ára á þessu ári.



Krístún Oddsdóttir, Stöðulfelli, útskrifaðist þann 25. febrúar, með BA-próf í félagsráðgjöf frá Háskola Íslands.

Landbúnaðarverðlaunin voru afhent framúrskarandi bæjum við setningarathöfn Búnaðarþings á dögnum í Reykjavík og hjónin í Reykjahlíð þau Katrín H. Andrésdóttir og Sveinn Ingvarsson hlutu þau að þessu sinni. Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra afhenti verðlaunin.



“Í Reykjahlíð er rekinn kúabúskapur með mjaltapjóni og heilfóðurkerfi og búið hefur verið undanfarin ár meðal nythæstu búa landsins” segir í umsögn.

Við óskum þeim hjónum í Reykjahlíð innilega til hamingju með árangurinn og ekki síður Krístrúnu með sinn áfanga og þetta sannar enn að menn uppskera eftir því hvernig sáð er.

Þá eru hjartanlegar hamingjuóskir til ungu fjölskyldnanna með börnin sína.

Verkefni Önnu Sigríðar Valdimarsdóttur, Stóra-Núpi og Helga Guðjónssonar var tilnefnt í ár sem eitt af sex “Öndvegisverkefnum Nýsköpunarsjóðs námsmanna.” En verkefnið fjallar um “Þróun aðferða við mat og viðgerðir á landi eftir akstur utan vega.” Við óskum þeim innilega til hamingju með viðurkenninguna sem þau tóku við á Bessastöðum þann 14. febrúar s.l.

Sigurður Arnar Leifsson og Guðmundur Heiðar Ágústsson í Þjórarskóla sem leika saman fjórhent á píanó unnu sér rétt til þess að taka þátt í tónlistarkeppni “Nótunnar, á grunnstigi” á Selfossi f.h. Tónlistarskóla Árnesinga í febrúar ásamt þeim Ljósbrá Loftsdóttur og Ástráði Sigurðarsyni. Á Selfossi sigruðu þeir Sigurður og Guðmundur og var þeim í framhaldi boðið að spila í Salnum í Kópavogi. Þar var sigurvegurum boðið að spila í Hörpunni. Í Salnum léku þeir svo 11. mars s.l. þeim gekk mjög vel og fengu viðurkenningu fyrir, þó svo að Harpan bíði aðeins. Til hamingju krakkar, þetta er glæsilegt hjá ykkur!



VERNDUN ÞJÓRSÁRVERA – MINNINGABROT

Árnesi, 17. mars kl. 14:00

Fjörutíu ár eru nú liðin síðan barátta heimamanna í Gnúpverjahreppi fyrir verndun Þjórsárvera hófst. Þann 17. mars 1972 boðaði landgræðslunefnd Ungmennafélags Gnúpverja til almenns sveitarfundar um Þjórsárver og þá ógn sem steðjaði að þeim vegna hugmynda um risastórt miðlunarlón sem hefði sökkt verunum. Fundur Gnúpverja, var fjölmennur og stóð fram á nótt.

Á honum kom fram einhugur um að vernda bæri Þjórsárver. Þessi fundur skipti sköpum um framgang mála á þeim tíma og sennilega alla tíð þar eftir. Samþykkt var ályktun sem hefur staðist tímans tönn og til er ítarleg fundargerð. Baráttan fyrir verndun Þjórsárvera hefur staðið nær samfelld síðan og margir mikilvægir áfangasigrar unnist.

Í tilefni þessa er boðað til fundar í félagsheimilinu Árnesi. Skyggst verður inn í tíðaranda á fyrri hluta áttunda áratugarins, litið yfir farinn veg og horft til framtíðar.

Meðal framsögumanna á fundinum eru Birgir Sigurðsson rithöfundur sem var einn af þeim sem stóðu fyrir fundinum árið 1972, Gísli Már Gíslason prófessor og formaður Þjórsárveranefndar og Helga Ögmundardóttir mannfræðingur sem hefur rannsakað bakgrunn og ástæður þess að Gnúpverjar tóku sér svo afgerandi stöðu með náttúrunni, óbyggðum og fuglum himinsins.

Vinir Þjórsárvera, Áhugahópur um verndun Þjórsárvera, Landvernd, og Náttúruverndarsamtök Íslands.

Opið fjárhús

**Laugardaginn 31. mars verður opið fjárhús á
Stöðulfelli frá kl. 13:30 - 16:30.**

Gott tækifæri til þess að hittast og ræða um sauðfé.

Heitt á könnunni. Fjölmönnum!

**Stjórn fjárræktarfélags Gnúpverja og
Stöðulfellsbændur.**

28. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þriðjudaginn 06.03.2012 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Kristófer A. Tómasson ráðinn sveitarstjóri sveitarfélagsins sat fundinn og bauð Gunnar hann velkominn.

1. Fundargerð skólanefndar 16. fundur haldinn 28.02.2012.

Fundargerð samþykkt en varðandi 4. lið vill sveitarstjórn kanna kostnaðartölur varðandi úrbætur sem þar koma fram og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Fundargerð velferðarnefndar Árnesþings 7. fundur haldinn 15.02.2012.

Fundagerðin er samþykkt en varðandi lið 2 samþykkir sveitarstjórn að taka ekki upp gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í sveitarfélaginu.

3. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 44. fundur haldinn 16.02.2012, jafnframt lagðar fram til kynningar fundagerðir afgreiðslufunda bygginga-fulltrúa 76. fundur haldinn 25.01.2012 og 77. fundur haldinn 15.02.2012.

Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar samþykkt.

Afgreiðslufundagerðir nr. 76 og 77. Lagðar fram til kynningar.

4. Lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi.

Lögð fram tillaga dags. 29. febrúar að beiðni Landsvirkjunar að lýsingu skipulagsverkefnis skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2012.

Breytingin varðar svæði milli Búrfellsvirkjunar og Sultartanga sem skilgreint er sem blanda landnotkunar iðnaðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota, merkt sem I1 og I2. Ekki er gert ráð fyrir breyttri afmörkun svæðisins heldur tekur breytingin til aukinnar og breyttra orkuvinnslu, þ.e. að á ákveðnu svæði verði heimilt að reisa allt að 55 m háar vindtúrbínur sem geti framleitt allt að 1,9 MW.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu og felur skipulagsfulltrúa að vinna að kynningu hennar og leita umsagnar Skipulagsstofnunar.

5. Fundargerð fulltrúa Þjósarsveita, Ölfuss og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands vegna orkumála á Suðurlandi, fundur haldinn 20.02.2012.
Fundargerð lögð fram.
6. Erindi frá Matvælastofnun vegna litamerkinga á sauðfé.
Sveitarstjórn sér enga ástæðu til að gera þessa breytingu en verði hún gerð sé rétt að gera hana á einu ári og alfarið á kostnað Matvælastofnunar.
7. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Lögð fram.
8. Fundarboð XXVI. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt fram.
9. Erindi frá Vinnumálastofnun með beiðni um gjaldfrjálsan aðgang atvinnuleitenda að sundstöðum sveitarfélagsins. Erindinu hafnað.
10. Erindi frá foreldrafélagi um styrk vegna fyrirlestrar.
Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að semja við foreldrafélög leikskóla og grunnskóla um ársframlag á grundvelli framlaga er veitt eru öðum félögum í sveitarfélaginu, gegn því að ársskýrsla verði lögð fram um starfsemina.
11. Erindi frá Landgræðslunni með beiðni um styrk við verkefnið bændur græða landið sem frestað var á síðasta fundi. Lagt fram svar frá Landgræðslu ríkisins vegna fyrirspurnar um verkefnið.
Erindinu hafnað með þremur atkvæðum, Oddur Guðni Bjarnason samþykkur, Gunnar Örn Marteinnsson sat hjá.
12. Umsókn um styrk úr atvinnuþróunarsjóði. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið að hámarki um kr. 330.000,- samkvæmt framvinduskýrslu.
Styrkurinn greiðist vegna útlagðs kostnaðar en ekki af eigin vinnu.
13. Opnunartími sundlauga í sumar, tillögur oddvita og umsjónarmanns sundlauga kynntar.
14. Ráðningarsamningur við sveitarstjóra, samningurinn verður kynntur á fundinum. Kristófer A. Tómasson vék af fundi.
Oddvita falið að ganga frá ráðningarsamningi við sveitarstjóra og leggja fram til staðfestingar.
15. Tillaga að breytingum á starfssamningi oddvita.
Gunnar Örn Marteinnsson vék af fundi.
Breytingarnar samþykktar með þremur atkvæðum.
Oddur Guðni Bjarnason á móti, með bókun að honum finnist starfshlutfall oddvita of hátt.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð 139 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands fundur haldinn 24.2.2012.
- B. Fundargerð 453 – Fundur stjórnar SASS haldinn 03.02.2012.
- C. Fundargerð 212 - Fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 01.02.2012.
- D. Fundargerð 137 - Fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands haldinn 08.02.2012.
- E. Ályktun kirkjuþings 2011.
- F. Fundargerð 794 – Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga haldinn 24.02.2012.
- G. Áhrif frumvarps Hreyfingarinnar um stjórnfiskveiða- kynning
- H. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997.
- I. Frumvarp til laga um málefni innflytjenda. Þskj. 857 – 555 mál.
- J. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr 99/2007, með síðari breytingum.
- K. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum (forsjá og umgengni.)
- L. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árið 2011 – 2012.
Næsti fundur haldinn 10. apríl, 2012.
Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:15.

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi mánudaginn 2. apríl kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Fyrirlestur frá Kemi um þrif, sótthreinsun ofl. í landbúnaði.
3. Kaffiveitingar í boði félagsins.
4. Kosningar, Björgvin Þór gefur ekki kost á sér til endurkjörs.
5. Önnur mál.

Hvetjum sem flesta til að mæta.

Stjórnin.

Nudd í Skeiðalaug

Verð í Skeiðalaug næstu þriðjudaga að nudda, áhugasamir hafi samband í síma 486-6081 eða 865-0329 eða á netfangið laxdal@uppsveitir.is

Kveðja

Kristín Laxárdal



Aðalfundur veiðifélags Þjórsár verður haldin að Laugalandi, Holtum, þriðjudagskvöldið 3. apríl n.k. kl. 20:30.



Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundar störf.
- Magnús Jóhannsson hjá Veiðimálastofnun segir frá stöðu mála í Þjórsá.
- Kosningar.
- Kynnt verður vinna við gerð arðskrár. Oddur Hermannsson hjá Landformi og Magnús Jóhannsson hjá Veiðimála stofnun útskýra sína vinnu við arðskrána.
- Umræður og önnur mál.

Það hafa verið léleg skil á veiðiskýrslum í ár. Nú langar mig að biðja alla sem hafa veitt í Þjórsá á síðasta ári að senda inn veiðitölur til Veiðimálastofnunar á Selfossi í síma 5806320 eða í netfang: magnus.johannsson@veidimal.is

Einnig þætti mér vænt um að allir veiðirétthafar Þjórsár myndu senda mér netfang sitt vegna gerðar félagaskrár, netfang mitt er stodulfell@gmail.com
Með bestu kveðjum.

Oddur Guðni Bjarnason
Formaður veiðifélags Þjórsár



Könnun á þátttöku í Reiðmanninum á Flúðum

Reiðhöllin á Flúðum, í samráði við LBHÍ, vill kanna áhuga á því hvort grundvöllur sé að bjóða aftur upp á svo kallað reiðmannsnám – tveggja ára námskeiðaröð fyrir hinn almenna hestamann næstkomandi haust á Flúðum.

Allar upplýsingar um námið má finna á heimasíðu Landbúnaðarháskólans, www.lbhi.is/namskeid. Þeir sem hafa áhuga á málinu, geta sent tölvupóst á netfangið helgikj@mmedia.is, fyrir 1. apríl. Ath að ekki er um bindandi skráningu að ræða. Verði af náminu mun LBHÍ auglýsa það sérstaklega og taka við skráningum, en umsóknar-eyðublað vegna námsins er inni á ofangreindri vefsíðu.

Reiðhöllin á Flúðum.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Öskudagur

Mikil gleði ríkti hjá okkur á öskudaginn. Nemendur komu í skólann í búningum og fóru í fjölbreytta stöðvavinnu í bekkjunum sínum.

Eftir morgunkaffi fóru síðan allir saman út í Árnes þar sem við tók öskudags-skemmtun. Jón Bjarnason hélt uppi miklu dansfjöri og kötturinn var sleginn úr tunnunni. Nemendur fengu hressingu frá foreldrafélaginu, kókómjólki og prins póló. Allir fóru heim á hádegi með bros á vör.



Íslandspúsl í hringekju í 3. og 4. bekk

Í síðustu kennslustund á föstudögum vinna nemendur 3. og 4. bekkjar í hringekju. Hópnum er skipt í fjóra þriggja manna hópa og vinnur hver hópur að ákveðnu verkefni í 20 mínútur. Verkefnin hafa verið skrift, tölvur, vinnubók í íslensku, spil og púsl. Nú hafa nemendur lokið við að raða Íslandi saman úr 440 stykkja púsluspili undir leiðsögn Lilju stuðningsfulltrúa. Börnin voru áhugasöm og

lögðu sig virkilega fram í þessu verkefni. Í lokin fórum við yfir hvað þau höfðu verið að þjálfra og í ljós kom að það var býsna margt. Þar má nefna staf-rófið (því að ef þau þekktu ekki örnefnið þurftu þau að fletta upp í nafnaskrá í landabréfabók), hnitakerfið, áttirnar, örnefni, lestur, hugsun, hvað litirnir á landakorti þýða o.fl. Þetta var auðvitað handavinna og fínhreyfingar þjálfaðar.



Því má sannarlega segja að margar námsgreinar hafi verið samþættar.

Náttúrufræði og skógurinn

Í byrjun mars fór skólinn í heimsókn inn í Þjórsárdal í yndisleg veðri, þar sem farið var í leiki og unnin voru verkefni tengd náttúrufræði.

Þegar komið var inn í skóg var nemendum skipt niður í vinnuhópa. Nemendur í 5.-7. bekk voru svo heppnir að 6. bekkur í Flúðaskóla kom með í skóginn og vann með þeim verkefnin.

Yngri nemendur byrjuðu á því að fara í vísbendingaleik. Vísbendingar voru lesnar fyrir börnin um t.d. tungl, jökul, vatnsdropa. Ef þau vildu giska á svarið settu þau fingurinn á nefið sitt.

Eldri nemendur byrjuðu á því að fara í leikinn: Hvað er ég. Þá voru sett hugtök úr náttúrufræðinni á bakið á þeim og þau áttu að spyrja aðra í hópnum ja og nei spurninga. Það mátti spyrja hvern vin 3 spurninga, þar til þeir höfðu fundið út hugtakið sitt. Hugtökin voru t.d. jökull, jarðskjálfti, jökulá, eldgos, gjóska, hraun, foss o.fl.

Eftir kaffi fóru nemendur í 1.-4. bekk á náttúrufræðistöðvar. Þar voru annars vegar veðurstöðvar þar sem þau áttu að athuga vindátt, hitastig og skýjafar. Þar bjuggu m.a. til flagg til þess að skoða vindáttina með. Hins vegar voru stöðvar þar sem nemendur áttu að búa til flettiljóð um náttúruna.

Eftir kaffihlé var nemendum í 5.-7. skipt í 4-5 manna hópa og þar var unnið með landmótun- innri og ytri öfl. Hóparnir unnu saman að því að búa til land, svæði

eða eyju og byggja hana upp með fjöllum, eldfjöllum, hrauni, grjóti, jökulum, húsum og öðru sem þeim datt í hug. Í lokin kynntu síðan allir svæðið sitt.



Kær kveðja.

Bolette og Kristín.

Leikhúsferð Kvenfélags Skeiðahrepps



Sunnudagskvöldið 1. apríl ætlar Kvenfélag
Skeiðahrepps að standa fyrir leikhúsferð og sjá
sýninguna Vesalingana í Þjóðleikhúsinu.

Tilkynna þarf þátttöku í síðasta lagi
miðvikudaginn 14. mars.

Sýningin hefst kl. 19:30 og miðinn kostar 4.400 krónur.

Nánari upplýsingar veita

Jóhanna Vilhjálms, s: 864 6101 og Jóhanna Lilja 696 6877.

Grænna land ehf.



Tek að mér að gera jarðarfararkransa.

Borðar og allt efni úr sveitinni.

Myndir og önnur sýnishorn eru á
Facebook síðunni okkar.

*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur*

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Grænna land ehf

Ert þú vinur?

Styrkið gott málefni og fáíð ykkur miða, fyrir lífið sjálft.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079 fossnes@uppsveitir.is


Happadrætti S.Í.B.S.

Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti!

Fótboltaæfingar á mánudögum
kl 20:30 á sparkvellinum í Árnesi.

Nánari upplýsingar hjá

Hjörvari, Hlemmiskeiði, s. 856-1156



LANDNÁMSDAGUR

9. JÚNÍ 2012.

Í SKEIÐA- OG

GNÚPVERJAHREPPI

Takið daginn frá!



Ágætu nærsveitungar

Nú er búið að dagsetja fjölskyldu- og menningarhátíðina **Fjör í Flóa** og verður hún haldin helgina **1.-3. júní**. Viljum við minna á að hægt er að vera með ýmiskonar handverk til sýnis og sölu þessa daga. Þeir sem áhuga hafa fyrir því að vera með sýningar eða sölubása eru beðnir um að hafa samband fyrir 15. apríl eftirtalda aðila:

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	- Sími: 899-9684	Póstur : vatnsholt1@isl.is
Anný Ingimarsdóttir	- Sími: 861-8368	Póstur: anny@isart.is
Ingibjörg Einarsdóttir	- Sími: 691-7082	Póstur: langsstadir@simnet.is

Íþróttar og æskulýðsstyrkur 2012.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 6. des. 2011 að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára geti sótt um styrk sem nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2012 til að stunda íþróttar, æskulýðs eða menningarstarf.

Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og eða menntun. Umsóknareyðublöð á slóðinni <http://www.skeidgnup.is/stjornkerfid/eydublod> og einnig á skrifstofunni. - Munið að sækja um.

Tilkynning frá Reiðhöllinni ehf á Flúðum.

Eins og kunnugt er varð að fresta fyrsta móti Uppsveitardeildarinnar, smala sem halda átti 27. janúar sl.

Keppendur og aðrir aðstandendur deildarinnar koma af stóru svæði. Því hefur reynst erfitt að finna hentuga dagsetningu fyrir smalann sem ekki rekst á aðrar samkomur á svæðinu, auk þess sem búið er að bóka reiðhöllina á Flúðum fyrir aðra viðburði með löngum fyrirvara.

Í ljósi þessa hefur nefndin sem heldur utan um mótin, í samráði við liðstjóra ákveðið eftirfarandi dagsetningar.

4. apríl, fjórgangur
20. apríl, fimmgangur
11. maí, tölt og skeið



Þá er einnig vert að minna á Uppsveitadeild æskunnar, en þar etja kappi ungir og efnilegir knapar úr félögunum þremur.

Fyrsta mótið verður laugardaginn 10. mars en þá verður keppt í smala.

Allar upplýsingar um deildirnar, stöðu knapa og liða, rásröð fyrir hvert mót og tíma og dagsetningar má finna á heimasíðum félaganna, auk þess sem allar upplýsingar verða birtar á helstu netmiðlum hestamanna s.s. Eiðfaxes og Hestafréttum.

Heimasíður: Smári: smari.is

Logi: hestamannafelagidlogi.bloggar.is.




LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Bak við eldavélina!

Set hér uppskriftir af tveimur uppskriftum sem eru mjög vinsælar á mínu heimili.



Rjómasoðinn fiskur

600 gr af fiski, þorski eða ýsu er velt upp úr eggjum og hveiti steikt í smjöri eða olíu kryddað með salti pipar og fiskikryddi þá sker ég niður 1 rauða papriku í litla bita set yfir fiskinn á pönnunni helli síðan rjóma þar til flýtur yfir læt svo malla á lægsta hita í 5-10 mín borið fram með hrísgrjónum góðu brauði og grænmeti að sjálfsögðu.



Kjúklingapasta

3 kjúklingabringur skornar í strimla steiktar á pönnu og kryddaðar með salti og pipar

200 gr. af sveppum í sneiðum steiktir í smjöri

3 hvítlauksrif skorin smátt og steikt með sveppunum

1-2 dl rjómi

100 gr hvítlauksrómaostur brædd saman

1 og hálf ausa kjötsoð (vatn og kjúklinga teningar)

allt sett í pott og látið sjóða við lágan hita í klukkutíma.

Pastað soðið eftir leiðbeiningum, magn sem henta

hverjum og einum. Því blandað saman við kjúklinginn rétt áður en

hann er borinn á borð með þessu hef ég hrísgrjón og hvítlauks brauð

eða bara það sem hverjum hentar um leið og ég þakka Guðfinni í


Skafttholti áskorunina ætla ég biðja Sigurlaugu Reimarsdóttir í

Hraunhólum að vera næsti matgæðingur ég veit að hún er mjög

snjöll við eldavélina.

Kær kveðja.

Gréta María. Stóru-Mástungu II.



Styrktarkvöldverður 10.bekkinga í Reykholtsskóla (Reyholt-Grímsnes-Laugarvatn)

síðasta vetrardag 18. apríl. Hótel Geysir 3ja rétta hátíðarkvöldverður að hætti matreiðslumeistarans Bjarka Hilmarsson og 10.bekkinga. Verð kr. 5.000 per mann Krakkarnir munu sjálf sjá um lifandi tónlist undir borðhaldi, skemmtun, þjónustu og matreiðslu með aðstoð yfir þjóns og matreiðslumeistara. Styðjum framtíðarbörn Bláskógarbyggðar og kveðjum veturinn með stæl . Bókið núna í síma 480 6800 eða á maili geysir@geysircenter.is - Allur ágóði rennur beint til bekkjarins og verði nýttur í útskriftarferð þeirra í vor.

Með bestu kveðjum
Styrktarnefnd 10.bekkjara, Reykholtsskóla.



Kokkar og þjónar á Hótel Geysi þann 18. apríl!



Kertasmiðjan í Brautarholti
Hermann og Ragnhildur í síma
663 4666 og 893 399 — 486 5518
www.kertasmidjan.is



VIOLA snyrtistofa!

Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vax-

meðferðir - Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



Varpkögglar

**Erum komin með
hágæða varpköggla á
góðu verði.**



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími 480 5600

Heilsugæslan í Laugarási sími 480–5300

Símatímar lækna alla virka daga

kl. 9-9:30 og 13–13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655



VÖNDULL ehf FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.



**Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.**

Mánudaga til föstudaga **kl. 13:00**

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko **kl. 14:00.**

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00****Brottför frá Reykjavík alla virka daga:**

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími:

486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is**Símar hjá bílstjórum:****892-2370- Pálmar**

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

*Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar***Hundafangari sveitarfélagsins:****Ragnar Sigurjónsson í síma**
859-9559.**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM****SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866****BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR****GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR****OG ALLT ÞAR Á MILLI.****ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR****SJÓN ER SÖGU RÍKARI.****OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA****11-14 LAUGARDAGA.****VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ****ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM Sími: 486-1866**

Vaðandi mottu - mars í DUNLOP - stígvélum



DUNLOP stígvél á tilboðsverði út mars

Tilboðsverð
út mottu-mars

9.990,-



Þvottarefni fyrir: Mjaltapjóna - mjaltakerfi - mjólkurtanka - burstu



BRITE CIP 30

Kerfisþvottaeefni fyrir mjaltapjóna. Vinnur auðveldlega á fitu, próteinskánun og öðrum óhreininum.

Kr. 5.841

m/brúsagjaldi

Skilagjald brúsa

m/vsk. kr. 753



T-CIP 86

Tvívirkt þvottaeefni fyrir mjaltakerfi. Mjög góð hreinsi- og sótthreinsivirgni. Tær vökvi með klórlykt.

Kr. 7.453

m/brúsagjaldi

Skilagjald brúsa

m/vsk. kr. 753



ZAL PERAX II

Óflugt sótthreinsiefni sem hentar vel sem hreinsi- og sótthreinsiefni fyrir burstu (burstasápa).

Kr. 17.778

m/brúsagjaldi

Skilagjald brúsa

m/vsk. kr. 753



DILAC SUPER

Súrt skánleysandi efni til notkunar í mjaltakerfi og önnur hringrásarkerfi í matvælaíðnaði.

Kr. 8.073

m/brúsagjaldi

Skilagjald brúsa

m/vsk. kr. 753



D-90

Tvívirkt hreinsiefni fyrir mjaltakerfi. D-90 leysir upp og heldur mjólkurleifum uppleystum í kerfinu, glerkútar verða skínandi hreinir og lausir við mjólkurstainsútfellingar. Inniheldur klór sem eykur hreinsivirgni og gefur sótthreinsun.

Kr. 13.918 20 kg

Kr. 8.017 10 kg

JÚGURHREINSIR



**Verð
kr. 2.498**

Notast til þvotta og eða spenadyfingar eftir mjaltir. Inniheldur mykingarefni sem ver jógur gegn þurrkun.

DEOSAN JOÐDYFA



**Verð
kr. 5.691**

Sótthreinsiefni fyrir jógur og spena til notkunar eftir mjaltir. Heldur jógurbólgu í skefjum og inniheldur húðmýkjandi efni.

Sölustaðir:

Egilsstaðir, Sími 471 1901
Akureyri - Ben Sími 894 6946
Skagafjörður - Eyþór Sími 862 5778



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011

Skeiðalaug s: 486 5500



Skeiðalaug opin



Þriðjudaga: 17 — 21

Fimmtudaga: 17 — 21

Skeiðalaug opin skírdag og sumardaginn fyrsta!

Neslaug opnar laugardaginn 7. apríl

Opin alla laugardaga kl. 13:00 - 17:00

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem
eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Eypór Brynjólfsson



**Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

**Lokað 15. mars vegna generalprufu fyrir
hjónaball 17. mars.**

Alltaf hægt að skila bókum um lúguna!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

